



ÍSAFJARÐARBÆR

Sveitarfélög á Vestfjörðum

Ísafirði, 11. október 2023

Efni: Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð og framkvæmdaráð sérhæfðrar Velferðarþjónustu á Vestfjörðum

Samkvæmt samningi um sérhæfða Velferðarþjónustu á Vestfjörðum þarf **hvert aðildarsveitarfélag** að tilnefna **tvo fulltrúa** í fulltrúaráð. Ráðið fundar a.m.k. einu sinni á ári og fer með stefnumótun málaflokkanna tveggja sem heyra undir þjónustuna.

Þegar tilnefningar hafa borist Ísafjarðarbæ verður boðað til fyrsta fundar þar sem kjósa þarf formann og ritara ráðsins.

Þjónustusvæðin þurfa einnig tilnefna sína fulltrúa í **framkvæmdarráð** sem er rekstraráð Velferðarþjónustu Vestfjarða.

Framkvæmdaráðið er **skipað fimm fulltrúum**:

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar

Bæjarstjóri/sveitastjóri frá Félagsþjónusta Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Sveitastjóri/oddviti frá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar

Framkvæmdaráðið þarf að koma saman í nóvember til að fjalla um fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2024 og fjárhagsáætlanir þjónustusvæðanna.

Virðingarfyllst,

Arna Lára Jónsdóttir

bæjarstjóri

